

Skólaráðsfundur í Glerárskóla mánudaginn 28. febrúar kl. 15:00 - 16:00 á bókasafni skólans.

Mætt: Kristjana Kristjánsdóttir f.h starfsfólks, Sveinbjörg Smáradóttir f.h. foreldra, Sunna Þórveig Guðjónsdóttir f.h. nemenda, Ingibjörg Björnsdóttir og Þorbjörg Otta Jónasdóttir f.h. kennara, Eyrún Skúladóttir skólastjóri og Helga Halldórsdóttir deildarstjóri sem skráir fundargerð.

1. Skóladagatal 2022-2023

Skóladagatal fylgdi fundarboði og voru fundarmenn beðnir um að kynna sér skóladagatal fyrir fundinn. ES renndi yfir skóladagatalið og fór í útskýringar þar sem þurfti. Spurt hvort skóladagatalið hafi verið sent á leikskólana í hverfinu. Klappir hafa fengið eintak og ES ætlar að senda eintak á Hulduheima-Kot. Umræða fór fram um dagsetningar og tilfærslur. ES lagði dagatalið fram til samþykktar af fundarmönnum, Var samþykkt af viðstöddum, auk þess sem Margrét Silja sendi samþykki sitt rafrænt.

2. Árshátíð í apríl 2022

Gert er ráð fyrir að undirbúningur fyrir árshátíð fara af stað af fullum krafti. 9. bekkur byrjaður að æfa og mun æfa í vetrarfríinu. Myndlistasamkeppnin og ljóðakeppnin komin af stað auk þess sem valið verður íþróttafólk skólans. Þessi athöfn fer fram á fimmtudegi. Tvær sýningar á miðvikudegi og ein á fimmtudegi auk dansleikja fyrir öll stig. Haldið verður í allar hefðir.

3. Framkvæmdir við A-álmu Glerárskóla 2022-2023

Staðan er sú að öll kennsla í unglingsdeild færast yfir í Rósenborg. Skipulag verður unnið á næstu dögum. Íþrótt og sundkennsla verður áfram í Glerárskóla og jafnvel að nemendur verði keyrðir í mat í Glerárskóla. Í skólanum verða 1.-7. bekkur. List- og verkgreinakennsla verður á báðum stöðum. Verið er að vinna að stofuskipulagi. Frístund verður komið fyrir í kennslustofum á B-gangi. Rætt um hönnun lóðar líka. Allt svæðið verður girt frá B inngangi og út að bílastæði og síðan að c-álmum. Inngangur að íþróttahúsi og B-inngangur verða notaðir fyrir nemendur. Sunna spyr um matartíma og hvernig þeir snúi að nemendum. Verið er að skoða það mál en ef nemendur fara í mat í Glerárskóla þurfa þau ekki að fara aftur í Rósenborg eftir mat nema að þar verði valgreinar.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp og því fundi slitið.